

Breytingartillögur

við frv. til l. um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 9. gr. Á eftir orðinu „landeigandi“ komi: eða félag í frístundabyggð þar sem það á við.
2. Við 14. gr.
 - a. Í stað orðanna „geta tengst“ í 1. mgr. komi: munu tengjast.
 - b. Á eftir 1. másl. 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Sérstakar aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein geta einkum falið í sér sértæka hreinsun eða breytingu.
3. Við 15. gr. 1. másl. 2. mgr. orðist svo: Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknnum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.
4. Við 16. gr. Í stað orðanna „tengigjaldi og leigugjaldi fyrir magnmæli“ í 3. mgr. komi: og tengigjaldi.
5. Við 17. gr.
 - a. Á eftir orðinu „Landeigandi“ í 3. mgr. komi: eða lóðarhafi.
 - b. Á eftir orðunum „gilda ekki um“ í 5. mgr. komi: aðgang að.
6. Við 21. gr. bætist: m.a. um stjórn og fjármál fráveitu, gjaldtöku og fráveituæðar.
7. Við 23. gr. Í stað orðanna „sbr. og 8. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998“ komi: og a-liður 1. tölul. 43. gr. vatnalaga, nr. 20/2006.